



2. hefti    TÍMARIT    3. árg  
**LÖGRETTU**

Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

MAT Á VARANLEGUM AFLEIÐINGUM  
LÍKAMSTJÓNA

EFTIR Dr. Guðmund Sigurðsson

**E**

EVRÓPSKUR SAMNINGARETTUR

EFTIR Dr. Matthías Geir Pálsson

**F**

AÐFERÐIR TIL AÐ TAKMARKA  
TVÍSKÖTTUN

EFTIR Gunnar Gunnarsson og  
Jón Elvar Guðmundsson

**G**



Dr. Guðmundur Sigurðsson  
Prófessor við lagadeild Háskólangs í Reykjavík

# MAT Á VARANLEGUM

## AFLEIÐINGUM LÍKAMSTJÓNA

Ólik nálgun í bótarétti

E

101

1 INNGANGUR	101
2 NÁNAR UM MAT Á VARANLEGUM AFLEIÐINGUM VINNUSLYSA	103
3 MISKA- OG ÖROKUMAT SAMKVÆMT SKAÐABÓTALÖGUM NR. 50/1993	103
3.1 Inngangur	103
3.2 Miskamat	103
3.3 Örorkumat	105
4 ÖRORKUBÆTUR ATL	107
5 LÍFEYRISSJÓÐIR. MAT Á ORKUTAPI	112
6 VÁTRYGGINGARÉTTUR	115
7 NIÐURSTAÐA	118

### 1. INNGANGUR

Þann 15. janúar 2003 varð Gísli Gíslason, kt. 101065-1234, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík fyrir alvarlegu vinnuslysi. Í dag er Gísli ennþá óvinnufær og ekki fyrirsjánlegt að á því verði breyting í nánustu framtíð. Gísli er giftur og á þrjú börn; 5, 9 og 14 ára.

Í kjölfar slyssins fékk Gísli greidd slysalaun frá vinnuveitanda sínum. Að því loknu fékk hann greiddar tímabundnar bætur úr sjúkrasjóði verkalyðsfélags auk dagpeningagreiðslna og enduhæfingarlífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Gísli var metinn til 45% varanlegrar örorku (orkutaps) samkvæmt 29. gr. almanna-tryggingalaga nr. 117/1993 (ATL). Í kjölfarið fékk hann greiddar eingreiðslu örorku-

bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Gísli var síðan metinn til 75% almennar örorku á grundvelli 12. gr. ATL.

Gísli fékk fullan örorkulíseyri frá lífeyri ssjóði (nú Gildi) frá 15. júlí 2003 til 15. janúar 2006. Greitt var á grundvelli örorkumats þar sem orkutap Gísla til sinna fyrri starfa var metið 100% til 15. janúar 2006. Þá liggur fyrir örorkumat frá lífeyri ssjóði dags. 30. janúar 2006 þar sem orkutap Gísla til almennra starfa er metið 100% frá 15. janúar 2006 til 30. júní 2007. Því er ljóst að áframhald verður á örorkulíseyrisgreiðslum frá lífeyri ssjóði.

Gísli taldi vinnuveitanda sinn bera skaðabótaábyrgð á slysinu. Vinnuveitandinn var með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá Tryggingamiðstöðinni hf. (TM).

Þann 15. apríl 2005 féllust vinnuveitandinn og TM á skaðabótarétt Gísla. Urðu aðilar sammála um að fá einn lögmann og einn lækni til að meta afleiðingar slyssins samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993, svo og læknisfræðilega örorku. Niðurstaða matsgerðarinnar sem dags. er 15. október 2005 var eftirfarandi:

1. Frá og með 20. febrúar 2004 telst heilsufar Gísla orðið stóðugt.
2. Tímabil tímabundins atvinnutjóns í skilningi
  2. gr. skaðabótalaga telst frá slysdegi til 20. febrúar 2004.
3. Gísli telst hafa verið veikur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga frá slysdegi til 20. febrúar 2004, þar af rúmfastur frá 15. janúar til 20. apríl 2003.
4. Varanlegur miski Gísla skv. 4. gr. skaðabótalaga er 45 stig.
5. Læknisfræðileg örorka er 45%.
6. Varanleg örorka Gísla skv. 5. gr. skaðabótalaga er 70%.

Aðilar voru sammála um að leggja matsgerðina til grundvallar skaðabótauppgjöri. Þá var Gísli slysatryggður sem launþegi á grundvelli kjarasamnings og fékk hann greiddar bætur úr þeirri tryggingu. Við ákvörðun örorkubóta úr tryggingunni var 45% miskamatið lagt til grundvallar.

Auk þessa fékk Gísli dagopeningareiðslur og örorkubætur úr frjálsri slysatryggingu sem hann hafði keypt.

Fyrir liggur að fjalla almennt um bótarétt þess sem verður fyrir líkamstjóni og hvernig

hinar einstöku greiðslur bótaréttarins tengjast við uppgjör skaðabóta. Dæmi Gísla verður notað til að tengja þessa umfjöllun saman. Skriffaðar verða tvær greinar sem er ætlað að gefa heildstætt yfirlit yfir bótarétt vegna líkamstjóna. Ekki er þó um tæmandi umfjöllun að ræða.

Segja má að í stórum dráttum séu stoðir hins íslenska bótaréttar eftirfarandi:

1. Rettur til slysalauna
2. Almannatryggingar
3. Sjúkrasjóðir verkalyðsfélaga
4. Lifeyrissjóðir
5. Vátryggingar, þeirri lögbundnar og frjálsar
6. Skaðabótaréttur
7. Önnur félagsleg úrræði<sup>1</sup>.

Þegar fjallað er um bótarétt þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni er mikilvægt að líta á bótarétt hans í heild. Hafi maður t.d. slasast<sup>2</sup> við vinnu sína kann að vera nauðsynlegt, þegar réttarstaða hans er metin, að upplýsa m.a. hver réttur hans er til skaðabóta, slysalauna, bóta frá almannatryggingum, lifeyrissjóði, sjúkrasjóði verkalyðsfélags, úr slysatryggingu launþega, frjálsri slysatryggingu og til annarra félagslegra greiðslna. Raunveruleg réttarstaða hins slasaða verður fyrst ljós að lokinni slíkri skoðun.<sup>3</sup>

Í þessari grein verður fjallað um mikilvægt atriði við afmörkun á afleiðingum líkamstjóna, þ.e. matið á varanlegum afleiðingum.<sup>4</sup> Þó svo að fjallað verði almennt um mat á afleiðingum líkamstjóna verður megináherslan á afleiðingar vinnuslysa. Í

<sup>1</sup> Af þessu má sjá að bótarétturinn er mjög viðfeðmur. Sjá Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, (2003), bls. 5-10. Samkvæmt staðtólum Tryggingastofnunar ríkisins var t.d. árið 2005 tilkynnt um 1.176 vinnuslys í landi, árið 2004 voru þau 1.183 og árið 2003 1.216. Þá kemur fram í fjárlögum fyrir árið 2006 að útgjöld vegna almannatryggingalaga nr. 117/1993 (ATL) og laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð eru áætluð um 57 milljörðar. Þá nam heildarörorkulteirfyrir lifeyrissjóða árið 2003 um 4,6 milljörðum. Sjá skýrslu örorkunefndar Landssamtaka lifeyrissjóða, febrúar 2004, bls. 3. Skýrsluna má nálgast á heimasiðu Landssamtaka lifeyrissjóða: [www.ll.is](http://www.ll.is).

<sup>2</sup> Ekki verður fjallað sérstaklega um hugtakið slys í skilningi bótaréttarins í þessari grein. Það er þó rétt að hafa í huga að það kann að vera háð aðstæðum hverju sinni hvort

líkamstjón telst rakið til slyss í skilningi þeirra réttarreglna sem um bótaréttinn gilda hverju sinni. Sjá nánar Guðmundur Sigurðsson (2004), bls. 17 og áfram.

<sup>3</sup> Sjá Guðmundur Sigurðsson (2004), bls. 12.

<sup>4</sup> Greinanhöfundur vinnur nú ásamt Ragnhildi Helgadóttur prófessor o.fl. að rannsókn sem er ætlað að kortleggja íslenskan bótarétt út frá sjónarhorni bótaþega. Þar er fjallað heildstætt um almannatryggingakerfið, þær réttarheimildir sem það hvílir á og beitingu þeirra og um tengsl þess við aðrar stöðir bótaréttarins. Þá verður í rannsókninni íslenska bótaþerfi, og almannatryggingakerfið sérstaklega, borið saman við samþártileg kerfi á Norðurlöndum. Grein þessi um réttarstöðu launþega vegna vinnuslysa --mat á varanlegum afleiðingum -- er hluti af þeiri rannsókn.

seinni greininni verður síðan fjallað um bótaréttinn heildstætt og tengsl bóta-greiðslna frá einstökum stoðum bóta-rettarins.

## 2. NÁNAR UM MAT Á VARANLEGUM AFLEIÐINGUM VINNUSLYSA

Þegar launþegi verður fyrir varanlegu líkamstjóni vegna vinnuslyss þarf að meta umfang tjónsins. Þó svo að hinn slasaði, eins og í dæmi Gísla, kunni að eignast bótarétt úr ýmsum áttum, t.d. skv. ATL, frá lífeyrissjóði, úr vátryggingum og á grund-velli skaðabótaréttar er ekki þar með sagt að mat á afleiðingum slyssins horfi eins við í öllum þessum tilvikum. Því er hugtakið örorkumat ekki nægjanlega lýsandi fyrir mat bótaréttarins á varanlegum afleiðingum líkamstjóna. Þessu veldur að það kann að vera misjafnt hvað verið er að meta hverju sinni. Í matgerðum er því að finna hugtök eins og „varanleg læknisfræðileg örorka“, „varanleg örorka“, „orkutap“ og „miski“. Í grein þessari verður fjallað sérstaklega um mat á afleiðingum vinnuslysa séð í ljósi bótaréttarins. Hvað skaðabótaréttinn varðar verður látið nægja að fjalla stuttlega um mat á miska og varanlegri örorku.

## 3. MISKA- OG ÖROKUMAT SAMKVÆMT SKAÐABÓTALÖGUM NR. 50/1993

### 3.1 Inngangur<sup>5</sup>

Fyrir tilkomu skaðabótalaga nr. 50/1993 sem tóku gildi 1. júlí 1993 var að meginstefnu til stuðst við læknisfræðilegt örorkumat þegar ákveðnar voru bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamstjóns. Með tilkomu skaðabótalaganna varð gerð að þessu grundvallarbreyting. Í greinargerð með lögnum er m.a. vísað til þess að á hinum Norðurlöndunum hafi verið horfið frá

læknisfræðilegu örorkumati þegar fjártjón er metið og þess i stað stuðst við fjárhagslegt örorkumat.

Þar kemur einnig fram að í skaðabótarétti sé yfirleitt greint á milli tvenns konar örorkumats, þ.e. læknisfræðilegs og fjárhagslegs örorkumats. Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorkumatstöflur þar sem mismunandi likamsáverkar eru metnir til örorkustigs í hundraðshlutum. Hreint læknisfræðilegt mat felur í sér að sams konar áverkar, andlegir eða líkamlegir, eru metnir til sama hundraðshluta, án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án tillits til þess hver áhrif örorkan hefur á getu til þess að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorkumat er hins vegar leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem likamsmeiðsli hafa á hæfi tjónþola til að afla tekna með vinnu.

### 3.2 Miskamat<sup>6</sup>

Í frumvarpi til skaðabótalaga sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi 1991-92 voru hugtökin „varanlegt mein“, „orkuskerðing“ og „orkuskerðingarstig“ notuð um læknisfræðilegar afleiðingar slysa. Segir m.a. eftirfarandi í greinargerð með 4. gr. frumvarpsins:

Ákvörðun bótafjárhæðar fer fram á grundvelli orkuskerðingarstigs. Örorkunefnd sbr. 10. gr. skal semja töflur þar sem algengustu tegundir orkuskerðingar eru látnar jafngilda tilteknun hundraðshlutum hliðstætt því sem gerist í örorkutöflum sem nú eru notaðar við örorkumat í skaðabótamálum og slysatryggingum. Við gerð taflnanna skal lagt til grundvallar að tiltekin orkuskerðing bitni jafn þungt á hverjum þeim sem fyrir henni verður þannig að sami áverki eða sams konar líkamsspjöll leidi að jafnaði til sama orkuskerðingarstigs. Töflunar eiga því að sýna „læknisfræðilega“ orkuskerðingu, en ekki skerðingu á getu til að afla tekna.<sup>7</sup>

5 Sjá Alþ. A-deild 1992-1993, bls. 3625.

6 Sjá nánar um miskamat, Viðar Már Matthíasson (2005), bls. 655 og áfram.

7 Sjá Alþ. A-deild 1991-92, bls. 2929.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1993 er hinsvegar notast við hugtakið miski í þessu sambandi. Segir í frumvarpinu að með þeirri breytingu ætti að vera minni hætta á að ruglað sé saman varanlegum miska skv. 4. gr. frumvarpsins og varanlegrí örorku sbr. 5. gr.<sup>8</sup>

Í greinargerð með skaðabotalögum frá 1993 kemur fram að þó líkamlegir áverkar leiði ekki alltaf sjálfkrafa til skertrar getu til að afla vinnutekna sé almennt talið að slík líkamsspjöll beri að meta til skaðabóta. Þannig sé norrænu lagaákvæðunum um varanlegan miska m.a. ætlað að veita bætur fyrir skerðingu á getu tjónþola til þess að njóta lífsins eins og þeir sem heilbrigðir eru. Miskabótum sé því ætlað að taka við nokkrum af hlutverki bóta fyrir læknisfræðilega örorku, þ.e. að vera greiðsla fyrir ýmsar afleiðingar líkamstjóns sem ekki verða beinlínis taldar fjárhagslegar.<sup>9</sup>

Miskabætur eru fjárgreiðsla fyrir ófjárhagslegt framtíðartjón. Í l. mgr. 4. gr. skaðabotalaga kemur fram að við ákvörðun miskabóta, þ.e. miskastigs, skuli líta til þess hvert eðli og umfang líkamstjónsins er frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og erfíðleika sem afleiðingar tjónsatviks valda í lífi tjónþola. Örorkunefnd sbr. 10. gr. laganna er ætlað það hlutverk að semja miskatöflur þar sem algengustu tegundir varanlegs miska eru látnar jafngilda tilteknum hundraðshlutum. Í greinargerð með 4. gr. skaðabotalaga kemur fram að við gerð miskatöflu skuli örorkunefnd leggja til grundvallar að tiltekinn varanlegur miski

bitni jafnþungt á öllum þannig að sami áverki eða sams konar likamsspjöll leiði að jafnaði til sama miskastigs.<sup>10</sup> Af þessu má sjá að þó svo að við ákvörðun miskabóta skv. l. mgr. 4. gr. laganna sé opnað að auk hreinna læknisfræðilegra afleiðinga geti aðrir erfíðleikar sem líkamstjónið kann að valda tjónþola haft áhrif á miskamatið til hækkunar, eiga miskatöflurnar almennt að fanga upp þá erfíðleika.<sup>11</sup> Í greinargerð er sérstaklega vísað til danskrar miskatöflu. Ef hinsvegar tilvik eru þess eðlis að aðrir erfíðleikar en hrein læknisfræðileg afleiðing geta haft áhrif á miskamatið er sá hluti miskamatsins einstaklingsbundinn en ekki almennt eins og annars gildir um mat á grundvelli miskataflna. Í þeim tilvikum verður miskamatið því tvíþætt, þ.e. bæði almennt og einstaklingsbundið.

Þann 18. október 1994 gaf örorkunefnd út miskatöflu. Í inngangi að þeirri töflu kemur m.a. fram að við mat á miska sé ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni. Þá segir að við samningu töflunnar hafi verið höfð hliðsjón af sams konar töflum í ýmsum öðrum löndum. Þá segir að nefndin telji slíka töflu seint verða tæmandi, hún þurfi að vera í stöðugri endurskoðun og muni nefndin gefa út aukna og endurbætta útgáfu hennar þegar efni þyki til. Nefndin hefur ekki aukið við eða endurbætt þá töflu sem gefin var út 1994.<sup>12</sup>

8 Sjá Alþ. A-deild 1992-93, bls. 3620-3621.

9 Sjá Alþ. A-deild 1992-93, bls. 3627.

10 Sjá Alþ. A-deild 1992-93, bls. 3643 - 3645 (4. gr. greinargerð). Þar kemur einnig fram að yfirleitt mun miskaprósentára vera jafnhá varanlegri læknisfræðilegri örorku. Þetta er þó ekki algilt. Þannig geta t.d. fingurmíðsli, sem metin eru til minni en 5% læknisfræðilegar örorku, í undantekningar-tilvikum verið metin til fimm eða fleiri miskastiga.

Eftirfarandi dæmi er nefnt í greinargerðinni: Minniháttar tilfinningatruflanir í fingrum hljómlistarmanns geta ekki aðeins skert tekjur hans til frambúðar heldur einnig valdið honum varanlegum missi lífsánaðgju. Þá hefur Hæstiréttur staðfest að miskamat falli ekki í öllum tilvikum saman við mat á læknisfræðilegri örorku. Sjá Hrd. 2001.4025 í mál nr. 215/2001.

11 Sjá Møller og Wiisby (2002) bls. 111-112, von Eyben og Isager (2003) bls. 265 og Viðar Már Matthiasson (2005) bls. 257-259.

12 Þar sem hin íslenska miskatafla er fremur stuttaraleg geta matsmenn þurft að leita upplýsinga í öðrum miskatöflum. Auk dónsku miskatöflunnar sem vísað er til í greinargerð með íslensku skaðabotalogunum má hér nefna sem dæmi norsku miskatöflurnar, FOR 1997-04-21 nr 373: Forskrift om menerstating ved yrkesskade sem finna á netinu, <http://www.mitsem.no/invaliditetstabell.htm> (Síðast sott 6. september 2006). Auk þess nota matsmenn nokkuð bandarísku töflurna. Hana er m.a. að finna í bók sem gefin er út af bandarísku læknasamtökunum (The AMA Guides to the Evaluation of Permanent Impairment).

### 3.3 Örorkumat

Það kemur fram í 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að mat á varanlegri örorku ræðst af því hvort og þá hve mikil afleiðingar slyss hafa skert getu tjónþola til að afla launatekna. Um er að ræða mat á skerðingu til frambúðar, mat sem miðast við ástand þegar heilsufar tjónþola telst vera orðið stöðugt í skilningi laganna.

Mat á varanlegri örorku felur í raun í sér samanburð tveggja atburðarása, annarrar í myndaðrar en hinnar raunverulegrar. Þannig þarf að bera saman þá atburðarás sem vænta má að hefði orðið í lifi tjónþola ef líkamstjónið hefði ekki komið til og atburðarásina eins og hún varð. Þessi samanburður hefur að markmiði að staðreyna hvort líkamstjónið hafi leitt til varanlegrar skerðingar á getu til að afla launatekna. Að meginstefnu til er um fjárhagslegt mat að ræða, þ.e. mat á fjárhagslegrí örorku. Þannig leiðir það ekki sjálfkrafa til fjárhagslegrar örorku þó afleiðingar slyss hafi verið metnar til miska á grundvelli læknisfræðilegs mælikvarða. Varanlegt líkamstjón er þó forsenda þess að um varanlega fjárhagslega örorku geti verið að ræða. Þá leiðir það af 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga að tjónþola ber skylda til að takmarka tjón sitt svo sem sanngjarnt er að gera kröfu til, s.s. að leita eftir öðru starfi ef viðkomandi ræður ekki lengur við sitt fyrra starf.

Í þessari grein er ekki ætlunin að fjalla nema stuttlega um mat á varanlegri örorku skv. skaðabótalögum. Verður að mestu látið duga að vísa til skrifa annarra um það efni.<sup>13</sup> Hér á eftir verður því aðeins fjallað um mat á varanlegri örorku í þeim tilvikum þar sem vinnugeta tjónþola fyrir slys er verulega takmörkuð.

Fjallað verður um álitaefnið út frá eftirfarandi tilbúnu dæmi.

Tjónþoli varð fyrir slysí þann 20. október

2003. Hvað varðar atvinnusögu tjónþola þá vann hann nokkurn veginn fulla vinnu úti til 1996 en þá var hann metinn til 75% almennrar örorku á grundvelli almannatryggingalaga.

Frá 1997 til miðs árs 2003 hafði tjónþoli fremur takmarkaðar tekjur. Frá og með 1. júlí 2003 réði tjónþoli sig hinsvegar í 50% vinnu. Um var að ræða tímabundna ráðingu og atti áframhaldið að ráðast af því hvernig gengi. Vegna afleiðinga slyssins hætti tjónþoli svo alveg störfum þann 31. desember 2003. Laun tjónþola tímabilið 1. júlí til 31. desember 2003 fyrir 50% vinnu voru kr. 500.000. Árslaun tjónþola fyrir 50% vinnu hefðu því verið kr. 1.000.000.

Í dæminu er gengið út frá því að fyrir slysíð þann 20. október 2003 hafi tjónþoli haft 25% vinnugetu og er þá meðtalin sú vinnugeta sem hann nýtti til heimilisstarfa.

Eins og dæmi þetta horfir við verður að telja að við mat á varanlegri örorku sé ekki nægjanlegt að ákvarda hver vinnugeta tjónþola kann að hafa verið fyrir slysið heldur verði einnig að meta það hver framtíðarlauð hans hefðu orðið ef hann hefði ekki slasast. Við það mat verður að telja eðlilegt að leggja laun tjónþola tímabilið 1. júlí til 31. desember 2003 til grundvallar, þ.e. raunverulega launastöðu á stöðugleikatímapunkti. Gengið er út frá því í dæminu að heilsufar tjónþola í skilningi skaðabótalaga hafi verið orðið stöðugt þann 31. desember 2003 (þ.e. stöðugleikatímapunktur).

Eins og kom fram er í dæminu við það miðað að árslaun tjónþola fyrir 50% vinnu séu kr. 1.000.000. Heildarvinnugeta tjónþola fyrir slysið, þ.e. 25% samsvarar því kr. 500.000 á ári.

Ef gengið er út frá því að tjónþoli hafi tapað 20% af þeirri 25% vinnugetu sem hann hafi fyrir slysið leiðir það þó ekki sjálfkrafa til þess að varanleg örorka tjónþola verði

<sup>13</sup> Sjá nánar um mat á varanlegri örorku skv. 5. gr. skaðabótalaga, Viðar Már Matthiasson (2005) bls. 672 og

áfram, Möller og Wiisbye (2002) bls. 176 og áfram og Friis og Behn ved Mikael Kielberg (2004) bls. 461 og áfram.

frá þeirri meginreglu skaðabótaréttar að bætur fyrir varanlega örorku skuli vera jafnháar hinu fjárhagslega tjóni nokkuð sem hefur varla verið ætlun Alþingis með lögfestingu 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um lágmarksárlaun.

Í framhaldi af þessari umfjöllun má nefna dæmi sem undirstrika enn frekar að þegar meta á varanlega fjárhagslega örorku til stiga er ekki hægt að horfa fram hjá heildartjóninu eins og það er reiknað skv. 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga.

Tjónþoli hafði aðeins 50% vinnugetu fyrir slys en kr. 2.000.000 í árslaun. Við slysið tapar hann þeirri 50% vinnugetu. Hver er varanleg örorka hans metin í stigum?

Í þessu dæmi verður að telja eðlilegast, við mat á heildartjóni og örorkustigi tjónþola, að miða árslaun við kr. 4.000.000. Í því tilviki væri metin örorka hans 50%.

Ef miðað er við árslaun kr. 2.000.000 liggur í hlutarins eðli að metin örorka yrði 100%.<sup>15</sup>

Ef niðurstaðan væri hinsvegar sú að miða eigi við árslaun kr. 2.000.000 og örorkan sé

50% því hún geti ekki orðið hærri en sem nemur prósentu þeirrar vinnugetu sem tjónþoli hafði fyrir slysið, myndi það leíða til þess að bætur fyrir varanlega örorku væru lægri en sem nemur útreiknuðu heildartjóni.

## 4. ÖRORKUBÆTUR ATL

Ákvæði um slysaörorkubætur er aðallega að finna í 29. gr. sbr. 12. gr. ATL.<sup>16</sup>

Af 29. gr. má sjá að ekki eru greiddar örorkubætur ef örorka er metin undir 10%, ef örorka er metin 10-49% eru bætur greiddar sem eingreiðsla en ef örorka er metin meira en 50% er greiddur mánaðarlegur örorkulifeyrir eftir þeim reglum sem er að finna í 4. mgr. 12. gr. ATL. Í 2. mgr. 12. gr. segir að Tryggingsastofnun ríkisins meti örorku þeirra sem sækja um örorkulifeyri samkvæmt sérstökum örorkustaðli.

Í þessari grein er ekki ætlunin að fjalla frekar um fjárhæð bóta. Viðfangsefni þessarar greinar er hinsvegar sjálfst örorkuhugtakið og örorkumatið. Spurningin er því

15 Sjá Friis og Behn ved Mikael Kielberg (2004) bls. 446-447.

16 Í 29. gr. ATL segir:

Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulifeyri eftir reglum 4. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulifeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lifeyrir. Skerðingarákvæði 5. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulifeyris samkvæmt þessari grein.

Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulifeyris greiða lifeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótapega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liða 1. mgr. 30. gr.

Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótapega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingsastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lifeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Ella greiðist lifeyrir í hlutfalli við örorkuna. Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%.

Í 12. gr. ATL segir:

Rétt til örorkulifeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á

Íslandi, sbr. I. kafla A, eru aldrinum 16 til 67 ára og:

a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu  
b. eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fótlnar.

Tryggingsastofnun ríkisins metur örorku þeirra sem sækja um örorkulifeyri samkvæmt sérstökum örorkustaðli. Ráðherra setur reglugerð<sup>17</sup> um örorkustaðalinn að fengnum tillögum Tryggingsastofnunar ríkisins. Heimilt er að setji það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á móguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Tryggingsastofnun er heimilt að semja um kostnað sjúkraltrygginga vegna mats á móguleikum til endurhæfingar. Fullur örorkulifeyrir skal vera 147.948 kr. á ári og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilifeyrir, sbr. þó 5. mgr. Við ákvörðun búsetutíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

Örorkulifeyrir skal skerða ef tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr. örorkulifeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulifeyrisþegar, eru hærri en 871.373 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 5.-7. mgr. 10. gr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulifeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður.

eftirfarandi. Hvernig ber að túlka hugtakið örorka í 29. gr. ATL og hvernig er örorkan metin? Skiptir þar máli hvort örorkan er metin undir eða yfir 50%? Er hugtakið örorka það sama og í 12. gr. laganna og er hér átt við læknisfræðilega örorku, miska eða fjárhagslega örorku? Þessu er ekki svarað með beinum hætti í ATL.

Á þessi álitamál hefur hinsvegar reynt hjá úrskurðarnefnd almannatryggingamála.

Úrskurður nr. 207/2002. Atvik máls voru með þeim hætti að A var við vinnu sína um borð í skipinu C. Átti að fara að hísí stórt grjót ofan af móttökulúgu, er grjótið rann til og lenti á innanverðu hæ. hné A sem klemmdist illa. Tryggingaryfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins mat varanlega örorku A 5%. A sem kærði matið til úrskudarnefndarinnar byggði á að samkvæmt l. mgr. 29. gr. ATL skuli greiða þeim er verður fyrir varanlegri örorku örorkulíseyri eftir reglum 4. mgr. 12. greinar eða örorkubætur í einu lagi. Krafaðist A þess, að örorkubætur sinar yrðu metnar samkvæmt reglum ATL en ekki eftir miskatöflu E, bæklnarlæknis eða miskatöflu örorkunefndar. Byggði A m.a. á því að ATL geymi ákveðna jafnrædisreglu á þann veg, að sá sem lendir í vinnuslysi og hlýtur af því varanlega örorku, sem veldur honum svipuðum erfðileikum og til dæmis sjúkdómum eða fötlun, skuli ekki metinn samkvæmt öðrum reglum en bótþegi, sem fær örorku af sjúkdómi eða fötlun. Í greinargerð sem Tryggingastofnun sendi úrskurðarnefndinni vegna málsins segir m.a.: „Örorka sú sem metin er samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er hrein likamleg örorka þ.e. læknisfræðileg örorka. Ekki er um að ræða fjárhagslega örorku. Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorkumatsskrár/töflur þar sem ýmsar tegundir likamsáverka eru metnar til ákveðins örorkustigs í hundraðslutum án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að lita til þess hver áhrif örorkan hefur á getu hans til öflunar vinnutekna. Örorkumat samkvæmt 12. gr. almannatryggingalaga (lífeyristryggingar) er likara fjárhagslegu örorkumati, enda

kemur það skýrt fram í ákvæðinu...“ Um þann ágreining aðila hvort beita eigi örorkumatsstaðli samkvæmt 2. mgr. 12. gr. ATL um slysatilvik segir eftirfarandi í niðurstöðu nefndarinnar: „Skilyrði til örorkubóta samkvæmt lífeyristryggingum eru m.a. þau að umsækjandi verði metinn til a.m.k 50% varanlegrar örorku. Á árum áður var við örorkumat samkvæmt lífeyristryggingum almannatrygginga tekið mið af félagslegum þáttum m.a. hafi umsækjanda til að afla tekna auklæknisfræðilegraskilyrða. Með lagabreytingu sem tók gildi 1. september 1999 var skilyrðum fyrir almennu örorkumati breytt á þann veg að örorka er nú metin samkvæmt staðli sem byggður er á læknisfræðilega viðurkenndum sjúkdómum eða fötlun. Ekki er við matið tekið mið af aflahæfi hlutaðeigandi. Tilgangur með notkun staðalsins við örorkumat lífeyristrygginga er sá að fá úr því skoríðhvort umsækjandum örorkubætur uppfylli skilyrði fyrir 75% örorkumati og eigi þar með hugsanlega rétt á örorkulíseyri lífeyristrygginga og það án tillits til þess hvort örorkan verði rakin til sjúkdóms, fötlunar eða slyss. Með staðlinum verður hins vegar ekki mæld varanleg örorka undir þeim örorkustigsmörkum sem lífeyristryggingar almannatrygginga taka til, p.e. minni en 50%. Hann hefur ekki slik viðmið. Staðlinum verður því þegar af þeiri ástæðu ekki beitt í máli því sem hér er til úrlausnar. Ennfremur verður ráðið af 1. og 2. mgr. reglugerðar nr. 379/1999 um örorkumat sem sett er með stoð í b. lið 1. gr. laga nr. 62/1999 um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 að staðlinum er eingöngu ætlað að skera úr um hvort viðkomandi nái þeim stigum sem þarf til að uppfylla skilyrði fyrir 75% örorkumati. Í III. kafla um slysatryggingar laga nr. 117/1993 koma ekki fram nein ákvæði um hvernig örorkumot vegna slysa sem bótaskyld eru samkvæmt kaflanum skuli fara fram eða hvaða viðmið skuli leggja til grundvallar. Áratugalöng hefð hefur hins vegar skapast varðandi framkvæmd og viðmið við slysatrykumot hjá Tryggingastofnun, sbr. grein Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingaryfirlæknis í Tímariti lögfræðinga í mars 1962 „Slysatrygging og örorkumat slasaðra“ og grein Arnljóts Björnssonar, prófessors í

Tímariti lögfræðinga 1972 „Slysatrygging skv. lögum um almannatryggingar.“ Slysaoðrorkumot Tryggingastofnunar sem gerð eru vegna bóta-skyldra slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 byggjast á hreinu læknisfræðilegu mati á varanlegri örorku kæranda. Til grundvallar eru örorkustadlar/töflur þar sem sams konar áverkar eru metnir til sama hundraðsluta án tillits til starfs eða menntunar tjónþola. Lengi vel hefur verið stuðst við norrænar matsreglur og töflur. Töflurnar eru læknisfræðilegar þ.e. í þeim felst mat frá læknisfræðilegu, líffærafræðilegu og lífeðlisfræðilegu sjónarmiði hver missir hins slasaða er, án þess að tekið sé hið minnsta tillit til raunverulegs starfgetumissis viðkomandi. Þá hefur einnig verið stuðst við amerískar töflur sem eru afar itarlegar. Lögmáður kæranda segir að grundvallaratriði sé að til eigi að vera samræmdur mælikvarði sem stod eigi í lögum. Hvergi í almannatryggingalögum eru ákvæði sem segja að staðlar til notkunar við mat á slysaoðrorku samkvæmt lögnum þurfis að eiga beina lagastöð. Margra áratuga hefð er fyrir notkun staðla/taflna við mat á varanlegri slysaoðrorku samkvæmt lögnum. Þá er álit úrskurðarnefndar að staðlar þeir sem farið hefð verið eftir sér málefna leg viðmið sem almennt er viðurkennt að leggja til grundvallar við mat á örorku samanber og fjölmarga dóma. Í urlausnum sínum lítur úrskurðarnefndin til nokkurra staðla eftir því sem best á við hverju sinni. Um er að ræða staðal Örorkunefndar frá 1994, danskastáðal, mentabel frá 8. nóv. 1999 og bandarískan staðal „Guides to the evaluation of permanent impairment“. Þá fer eftir atvikum í hverju máli hvaða staðall á best við enda eru þeir misitarlegir í umfjöllun um einstaka liði. Sá staðall sem stuðst er við við mat á örorku samkvæmt II. kafla um lífeðlistryggingar hefur læknisfræðileg viðmið og er því að meginstefnu til sama eðlis og örorkumatsstaðlar sem notaðir eru

við slysaoðrorkumot samkvæmt III. kafla. Þáð má því segja að jafnræðis sé gætt þegar örorka er metin samkvæmt almannatryggingalögum. Ekki kemur til greina að mati úrskurðarnefndar að líta til skaðabótalaga sem viðmið, enda eru þau reist á allt öðrum grunni en almannatryggingalög. Hafa ber í huga að læknisfræðileg örorka samkvæmt almannatryggingalögum er ekki skilgreind á sama hátt og læknisfræðileg örorka í skaðabótalögum en er nær því að svara til varanlegs miska.“ Úrskurðarnefndin komst síðan að þeirri niðurstöðu að slysaoðrorka A hafi verið réttilega metin 5%.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að rétt sé að meta slysaoðrorku ATL á grundvelli miska (læknirfræðilegrar örorku) og er m.a. byggð á miskatöflu örorkunefndar. Byggir niðurstaða þessi á því að hefð eða venja sé til að meta slysaoðrorku skv. ATL á grundvelli örorku-/miskataflna.

Eins og fram kemur í framangreindum úrskurði miðast slysaoðrorkumot Tryggingastofnunarríkisins við miska/læknisfræðilega örorku og telur TR að matsstaðli 2. mgr. 12. gr. ATL verði ekki beitt í slysamálum. Þessu er úrskurðarnefndin sammála.<sup>17</sup> Þá kemst nefndin að þeirri niðurstöðu í framangreindum úrskurði að ekki komi til greina að líta til skaðabótalaga nr. 50/1993 sem viðmið við mat á rétti til örorkubóta samkvæmt III. kafla ATL. Nefndin telur því að hugtakið varanleg örorka í ATL verði ekki túlkað með sama hætti og í 5. gr. skaðabótalaga. Hefur nefndin rétt fyrir sér?

Áður en reynt verður að svara þeirri spurningu verðurgerð greinfyrir eftirfarandi dómi Hæstaréttar.

Hrd. 2001.4025 í máli nr. 215/2001. Málsatvik

<sup>17</sup> Matsstaðall sá sem nefndur er í 2. mgr. 12. gr. ATL er byggður á breskum staðli og miðar að því að meta líkamlega og andlega færni. Sjá S.Thorlacius, S. Stefánsson og H. Jóhannsson (2001). Þar kemur fram að í staðlinum er lítið til þátta sem tengjast vinnufærni til almennra starfa. Staðallinn er tvískiptur. Annars vegar er fjallað um líkamlega færni, þ.e.

að ganga á jafnsléttu eða í stiga, að sitja í stóli, að standa, að risa á fætur, að beygja sig og krjúpa, að nota hendurnar, að lyfta og bera, að teygja sig, tal, heyrn, sjón, stjórn á hægðum og þvagi og endurtekkinn meðvitundarmissi. Hinsvegar fjallað staðallinn um andlega færni þ.e. að ljúka verkefnum, daglegt líf, álagsþol og samskipti við aðra.

voru þau að J, sem var starfsmaður Á hf, varð fyrir vinnuslysi. Örkunefnd taldi varanlegan miska hans samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga 50% en varanlega örorku samkvæmt 5. gr. sömu laga 100%. Í kjarasamningi frá árinu 1997, sem gilti um kjör J, var framlengdur gildistími ákvæðis kjarasamnings frá árinu 1990 þar sem kveðið var á um skyldu Á hf til að slysatryggja starfsmenn sína með nánar tilgreindum hætti, meðal annars fyrir varanlegri örorku. J krafðist greiðslu bóta úr framangreindri slysatryggingu miðað við niðurstöðu örorkunefndar um varanlega örorku hans. Í málinu deildu aðilar um hvort bæturnar skyldu miðaðar við fjárhagslega eða læknisfræðilega örorku. Á hf. byggði á því að þrátt fyrir tilkomu skaðabótalaga, sem miði við varanlega fjárhagslega örorku í stað læknisfræðilegrar örorku, hefði síðarnefnda örorkan ekki horfið sem viðmiðun um slysatryggingu launþega, sem miðist við fyrirfram umsamdar bótafjárhædir en ekki fjártjón hins slasaða. Í dömi Hæstaréttar segir að engin haldbær rök hafi verið færð fyrir því að með orðalagi kjarasamningsins um bætur fyrir varanlega örorku geti verið átt við miskabætur. Mat fyrir varanlegan miska komi því ekki til álita í málinu. Síðan segir í dömi Hæstaréttar: „Hugtakið varanleg örorka hefur nú fengið lögákveðna merkingu, sem er fjárhagsleg örorka. Því mati er ekki einungis beitt við uppgjör skaðabótakrafna, heldur einnig margs kyns krafna um våtryggingabætur. Ekki er vísað til ákvæðinna våtryggingarskilmála í áðurnefndum kjarasamningi. Hefur áfrýjandi ekki skotið stöðum undir að þrátt fyrir breytt lagaumhverfi eigi áfram að miða uppgjör slysatryggingabóta við læknisfræðilega örorku, eins og gert var fyrir 1993, auk þess sem våtryggingafelag hans hefur sjálfst lagt það af í skilmálum sínum og tekið upp í staðinn aðra viðmiðun.“ Var því fallist að miða bætur J við fjárhagslega örorku.

Hæstiréttur slær því föstu í dómnum að með gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 þann 1. júlí 1993 hafi hugtakið „varanleg örorka“ öðlast lögákveðna merkingu, þ.e. sem „fjárhagsleg örorka“. Af þessu má draga þá ályktun að eftir þann tíma verði hugtakið varanleg örorka í lögum eða öðrum réttarreglum túlkad með þeim hætti nema lögskýringagögn bendi eindregið til annars.

Þessi niðurstæða kallar á nánari skoðun á 29. gr. ATL. Í 1. mgr. 29. gr. ATL segir: „...Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulifeyri eftir reglum 4. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.“ Í 2. til 4. mgr. sömu greinar er fjallað um bótarett þess sem metinn er til hærra örorku en 50%. Er þar notast við hugtakið „örorka“. Í 5. og 6. mgr. 29. gr. laganna þar sem fjallað er um rétt til að fá greiddar örorkubætur í einu lagi, þ.e. eingreiðslubætur, en ekki lífeyri er hinsvegar notast við hugtakið „orkutap“. Sé orkutapið á bilinu 10-49% á tjónþoli rétt á eingreiðslubótum. Þetta gefur ástæðu til að spyrja hvort hugtakið örorka í 29. gr. sé ekki það sama og hugtakið orkutap.

Eins og áður hefur komið fram er í 1. mgr. 29. gr. almennt vísað í hugtakið varanleg örorka bæði í tengslum við slys- örorkubótarétt þeirra sem uppfylla skilyrði til að fá greiddan mánaðarlegan lífeyri og þeirra sem eiga rétt á eingreiðslubótum. Með vísan til þessa verður ekki séð að ætlunin hafi verið að hugtakið orkutap hefði aðra merkingu en hugtakið varanleg örorka.

Skaðabótalög nr. 50/1993 öðluðust gildi þann 1. júlí 1993 en ATL nr. 117/1993 öðluðust hinsvegar ekki gildi fyrr en 1. janúar 1994. Þegar ATL öðluðust gildi hafði hugtakið varanleg örorka því öðlast lögákveðna merkingu sbr. framangreindan hæstaréttardóm. Með vísan í niðurstöðu þess dóms

eru likur á að þó 29. gr. ATL sé efnislega sambærileg 34. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 leiði það varla til þess að túlka beri hugtakið varanleg örorka í 29. gr. ATL með örðrum hætti en gert er í skaðabótalögum.<sup>18</sup>

Þessi niðurstaða leiðir til þess að mat á varanlegri örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga og mat samkvæmt 29. gr. ATL fellur saman ef örorkustigið er á bilinu 10-49%. Þessu veldur að þar er í báðum tilvikum um að ræða örorkumat þar sem reynt er að meta áhrif slyss á framtíðar vinnugetu viðkomandi, þ.e. örorkan til framtíðar er metin í eitt skipti fyrir öll. Öðru máli kann að gegna ef örorkustigið er 50% eða herra. Í þeim tilvikum gerir 29. gr. ATL ráð fyrir að tjónþoli öðlist rétt til mánaðarlegra greiðslna. Örorkumatið er því í eðli sínu tímabundnara en þegar um eingreiðslurétt er að ræða. Því er ástæða til að ætla að áhrif líkamlegra afleiðinga slyss á raunverulega vinnugetu á matsdegi geti þar haft meira vægi en gildir um mat í eitt skipti fyrir öll. Matið gæti því frekar tekið breytingum frá einum tíma til annars ef um örorku umfram 49% er að ræða. Nánar verður vikið að þessu álitaefni í tengslum við umfjöllun um bótarétt frá lifeyrissjóðum hér á eftir.

Sú niðurstaða að meta rétt tjónþola til slysaörorku skv. 29. gr. á grundvelli mats á

fjárhagslegri örorku en ekki mats á miska eða læknisfræðilegrar örorku samkvæmt fyrirliggjandi töflum kallar á frekari umfjöllun um áhrif þessa á raunverulega bóta-stöðu hins slasaða.

Í staðtölum frá Tryggingastofnun ríkisins kemur fram að fjöldi þeirra sem voru metnir til 10-49% örorku og fengu eingreiðslubætur árið 2002 var 242, árið 2003 var hann 260 og árið 2004 var hann 325. Þar kemur einnig fram að í þessum hópi voru launþegar í landi 163 árið 2002, 190 árið 2003 og 210 árið 2004. Þar sem í þessum tilvikum var aðeins metinn miski liggja ekki fyrir upplýsingar um varanlega örorku. Til að reyna að mynda sér einhverja skoðun á því hver fjárhagslega örorkan hefði orðið í þessum tilvikum þ.e. hvort hún hefði verið hærri eða lægri má fyrst skoða upplýsingar fá Tryggingamiðstöðinni hf. um miska og örorku þeirra sem urðu fyrir bílslysum og vinnuslysum á árunum 2004 og 2005.

<b>2005</b>	<b>Miski</b>	<b>Örorka</b>
Bílslys/vinnuslys <sup>19</sup>	10,09%	9,60%
Vinnuslys	11,14%	14,35%
<b>2004</b>	<b>Miski</b>	<b>Örorka</b>
Bílslys/vinnuslys	9,92%	9,41%
Vinnuslys	12,64%	15,42%

<sup>18</sup> Sjá um mat á örorku skv. slysatryggingum almannatrygginga fyrir lögfestingu ATL nr. 117/1993. Páll Sigurðsson (1972), bls. 41-50 og Arnljótur Björnsson (1988), bls. 121-122. Þar kemur fram að í framkvæmd hefur verið beitt læknisfræðilegu mati þegar örorka skv. 29. gr. ATL er metin. Hér skal einnig bent á álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2518/1998. Mál það varðaði afleiðingar umferðarslyss frá því í ágúst 1992. Í málinu er m.a. að finna umfjöllun um 29. gr. ATL. Segir m.a. eftirfarandi um mat á örorku skv. því ákvæði: Í framkvæmd hefur í þessum tilvikum verið beitt læknisfræðilegu örorkumati, þ.e. afleiðingar líkamstjóns á starfsgetu hafa verið metnar út frá læknisfræðilegum forsendum án tillits til fjárhagslegra og félagslegra forsendna

þjónþola.“ Hér skal einnig bent á umfjöllun í kafla 3.2 um hugtökini mein, orkuskerðing og orkuskerðingarstig í frumvarpi til skaðabótalaga sem lagt var fram fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991-92. Sú umfjöllun bendir til þess að á þeim tíma hafi verið talíð að hugtakið orkuskerðing fæli í sér mat á læknisfræðilegri örorku. Prátt fyrir þetta verður varla litio þannig á eftir lögfestingu skaðabótalaga að notkun hugtaksins orkutap í 29. gr. ATL eigi að leiða til þess að hugtakið varanleg örorka í þeirri grein verði lagt að jöfnu við læknisfræðilega örorku.

<sup>19</sup> Hér er um að ræða meðaltal í bílslysa- og vinnuslysamálum.

Ár	Földi	Miski	Örorka
1999	34	15,18%	21,58%
2000	40	15,00%	21,90%
2001	30	11,40%	21,80%
2002	34	13,00%	14,29%
2003	39	15,41%	17,79%
Meðaltal	Heildarfjöldi	Miski	Örorka
1999-2003	177	14,13%	19,46%

Hér má einnig hafa til hliðsjónar upplýsingar um örorku- og miskamöt í ábyrgðarvinnuslysámálum sem lokið var hjá Tryggtingamiðstöðinni hf. árin 1999-2003.

Af þessum tölulegu upplýsingum um niðurstöður matsgerða sést að varanleg örorka vegna vinnuslysa er almennt hærri en miski. Þetta leiðir aftur til þess að reikna má með að örorkubætur vegna vinnuslysa myndu hækka ef mat skv. 29. gr. ATL fæli í sér mat á varanlegri fjárhagslegri örorku en ekki læknisfræðilegt töflumat (miskamat).

Eins og að framan greinir telur Tryggingastofnun ríkisins að með hugtakinu varanleg örorka í III. kafla ATL sé átt við læknisfræðilega örorku eða miska. Hér hafa verið færð rök fyrir því að sú sé ekki raunin heldur sé um að ræða varanlega fjárhagslega örorku. Sé það rétt er ástæða til að ætla að það geti leitt til hærri bóta en verið hefur í framkvæmd.

## 5. LÍFEYRISSJÓÐIR. MAT Á ORKUTAPI

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 um skylduttryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir m.a. að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulifeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Þá segir í 6. mgr. 15. gr. lag-

anna að í samþykktir lífeyrissjóðs skuli sett frekari ákvæði um örorkulifeyri, svo sem um örorkumati, fjárhæð örorkulifeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Hugtakið orkutap er ekki skilgreint í lögunum. Í greinargerð með 15. gr. segir eftirfarandi:

Í þessari grein eru settar almennar reglur um örorkulifeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gilda almennt hjá lífeyrissjóðum... Gert er ráð fyrir að í samþykktum verði settar ítarlegar reglur um örorkulifeyri, svo sem um örorkumatið, t.d. hvort það eigi að miðast við vanhæfi til að gegna því starfi sem sjóðfélagi gegndi þegar hann varð fyrir orkutapi eða hvort miða eigi við vanhæfi til að gegna almennum störfum. Í mörgum sjóðum er matið t.d. fyrstu þrjú árin miðað við það starf sem sjóðfélaginn gegndi við orkutapið en eftir það við störf almennt.<sup>20</sup>

Sjóðfélagi sem hefur t.d. orðið fyrir vinnuslysi á því almennt ekki rétt á örorkulifeyri nema slysið hafi skert getu hans um að lágmarki 50% til að vinna það starf sem hann vann fyrir slysið og að hann hafi sannarlega orðið fyrir tekjutapi af völdum þessa orkutaps. Skilyrðin eru því tvö; þ.e. að lágmarki 50% orkutap og tekjumissir af þess völdum. Markmið með örorkulifeyri er að bæta það tekjutap sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir.

Í greinargerð með lögum nr. 129/1997

<sup>20</sup> Sjá Alþ. A 1997-98, bls. 1739.

segir jafnframt að í III. kafla frumvarpsins séu sett lágmarksskilyrði um rétt til örorku-, maka- og barnalífeyrir. Taki þau ákvæði mið af þeim reglum sem gilda um lífeyrisréttindi hjá stærstu lífeyrissjóðunum.<sup>21</sup>

Þó svo að framangreind ummæli í greinargerðinni gefi einhverja vísbendingu um hvernig túnka beri hugtakið orkutap er að mestu látið duga að vísa til þeirra reglna sem gilda almennt hjá stærstu lífeyrissjóðunum. Því er rétt að lita fyrst á löggjöf um ákveðna lífeyrissjóði og samþykktir fyrir nokkra af stærstu lífeyrissjóðunum.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 45/1999, um lífeyrissjóð sjómannna, sagði að sjóðfélagi sem varð fyrir 40% orkutapi eða meira ætti eftir atvikum rétt á örorkulífeyri.<sup>22</sup> Í 3. mgr. 10. gr. laganna kom m.a. fram að hundraðshluta orkutaps ætti að ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufar og starfsorku tjónþola aftur í tímann og áliði trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið átti örorkumatið aðallega að miðast við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann gegndi fyrir slysíð. Að því tímabili loknu átti að meta orkutap á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.<sup>23</sup>

Í greinum 12.1 og 12.3-12.4 í samþykktum fyrir lífeyrissjóðinn Gildi frá 1. júlí 2006 segir um rétt til örorkulífeyris:

#### 12.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin

<sup>21</sup> Sjá Alpt. A 1997-98, bls. 1730.

<sup>22</sup> Í greinargerð með 10. gr. laga nr. 45/1999 segir m.a. að í greininni sé fjallað um örorkulífeyri og að greinin sé að mestu leyti í samræmi við þær reglur sem þá giltu hjá sjóðnum. Sjá Alpt. A 1998-99, bls. 2042.

réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla...

12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærra en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framrekning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu 3 almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006 sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekkjurnar taka þeim breytingum sem verða á vitið ónefsluverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrispégans, lífeyris- og bótareiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrispega er skyld að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtíali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

#### 12.4. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða á grundvelli örorkumats trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum

<sup>23</sup> Löginn voru felld úr gildi með 1. gr. laga 137/2004. Skv.

2. gr. þeirra laga skal sjóðuninn frá og með 1. janúar 2005 starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykkta er fyrir sjóðinn gilda.

um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Mat á missi starfsorku skal miðast við þær heilsufsarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hof iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið a ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.<sup>24</sup>

Af því sem að framan greinir verður ekki séð að í lögum eða samþykktum lífeyrissjóða sé með ótvíráðum hætti gerð grein fyrir því hvernig staðið skuli að því að meta orkutap sjóðfélaga sem t.d. slasast. Ekki liggur þannig nákvæmlega fyrir hvaða gögn eiga að liggja til grundvallar mati. Rétt er þó að benda á að í

**24** Í 1. og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir eftirfarandi:

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt a örorkulifeyrí úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulifeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulifeyrir og barnalifeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunna.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákváða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Trúnaðarlæknir sjóðsins skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákváðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

16. gr. fjallar um réttindi þeirra félaga sem eru í A-deild lífeyrissjóðsins.

Í 1. og 3. mgr. 26. gr. sömu laga segir:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt a örorkulifeyrí ehf hann verður fyrir orkutapi er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Prátt fyrir örorku á enginn rétt a örorkulifeyrí meðan hann heldur fullum fóstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær

samþykktum Gildis lifeyrissjóðs kemur m.a. fram að orkutap skuli ákvárdar á grundvelli örorkumats trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Hér virðist því eins og ætlunin sé að láta læknisfræðilega örorku vera ákvörðunaratriði við matið. Þá virðist ljóst að í framangreindum lögum og samþykktum er gert ráð fyrir að matið sé framkvæmt af lækni. Þetta bendir til þess að gengið sé út frá því að mat á orkutapi sé í eðli sinu læknisfræðilegt.

Þrátt fyrir þessa læknisfræðilegu nálgun verður að ætla að grundvallaratriði við mat á orkutapi séu áhrif hins likamlega áverka á vinnugetu sjóðfélagans. Hér má taka dæmi um aðila sem slasast á hnē við vinnu sína. Í lífeyrissjóðssamþykktum segir að fyrstu þrjú árin skuli miða mat á orkutapi við vanhæfni sjóðfélagans til þess að gegna starfi því, sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að

jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulifeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunna.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulifeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulifeyrir eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulifeyririnn 50% af hámarkinu að viðbætum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulifeyrir að frádeignum örorkulifeyrí almannatrygginga.

26. gr. fjallar um réttindi þeirra félaga sem eru í B-deild lífeyrissjóðsins.

Í samþykktum fyrir Lifeyrissjóð verslunarmana gr. 13.2 og 13.3. segir eftirfarandi um rétt til örorkulifeyris:

Örorkulifeyrir er greiddur ef sjóðfélagi er metinn a.m.k. 50% varanlegur öryrki af trúnaðarlæknir sjóðsins. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákváða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélagans aftur í tímann. Heimilt er sjóðnum að leggja örorkumat tryggingayfirlæknis til grundvallar örorkulifeyrí. Örorku skal meta á þriggja ára fresti eða oftar að mati stjórnar sjóðsins

Örorkumat samkvæmt 13.2. skal fyrstu þrjú árin miða við vanhæfni sjóðfélagans til þess að gegna starfi því, sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Að því tímabili loknu skal miða örorkumati við vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa. Heimilt er sjóðnum að fengnu áltí trúnaðarlæknis hans að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulifeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt geti heilsufar hans.

sjóðnum. Að því tímabili loknu skuli miða örorkumatið við vanhæfni sjóðfelagans til almennra starfa. Miski og varanleg læknisfræðileg örorka tjónþola eru metin til 15 stiga. Þrátt fyrir að töflumatið sé ekki hærra en raun ber vitni er tjónþolinн engu að síður ófær um að sinna sínu fyrra starfi. Því er ástæða til að ætla að orkutap þessa einstaklings verði metið hærra en 50% i.b.m. fyrstu þrjú árin eftir slysið. Það virðist því blasa við að þó t.d. miski sjóðfélaga sé aðeins 15 stig eins og það hugtak er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga er ekki sjálfsagt að orkutap hans sé 15%. Þetta bender til þess að mat á orkutapi feli í sér ákveðið fjárhagslegt mat og sé því líkara mati á fjárhagslegri örorku skv. 5. gr. skaðabótalaga en læknisfræðilegu töflumati.<sup>25</sup>

Sá grundvallar munur er hinsvegar á orkumati fyrir lifeyrissjóði og mati á fjárhagslegri örorku skv. skaðabótalögum að mat fyrir lifeyrissjóði er í raun tímabundið og getur því breyst ef aðstæðurtjónþola breytast en mat á fjárhagslegri örorku samkvæmt skaðabótalögum er endanlegt því verið er að meta áhrif slyss á vinnugetu það sem eftir er starfsævinnar. Vegna þessa mismunar er ástæða til að ætla að raunveruleg tekjustaða (tekjutap) tjónþola á þeim tímapunkti sem mat fer fram hafi meira vægi varðandi mat á orkutapi en varanlegri fjárhagslegrar örorku. Af þessu leiðir að jafnvel þó niðurstaðan yrði

sú að mat á orkutapi feli í raun í sér mat á fjárhagslegri örorku eins og það hugtak er skilgreint í skaðabótalögum getur sú örorka breyst frá einum tíma til annars. Því kann að vera erfitt að bera saman matsstig samkvæmt skaðabótalögum og orkutapsstig sem eftir atvikum gildir aðeins fyrir t.d. þriggja ára tímabil.<sup>26</sup>

Að því sem að framan greinir má álykta að talsverð óvissa sé tengd því hvernig meta beri lifeyrissjóðsrétt sjóðfélaga vegna orkutaps. Slik réttaróvissa er bagaleg. Því þjónar það hagmunum lifeyrissjóða og sjóðfélaga að reyna að eyða þeirri óvissu.

## 6. VÁTRYGGINGARÉTTUR

Á Íslandi hefur lengi verið um það samið í kjarasamningum að launþegar skuli slysatryggðir við vinnu sína og að sú skylda hvíli á vinnuveitanda að kaupa slysatrygginguna hjá almennum vátryggingafélögum. Á meðan slysatryggingar ATL eru lögfestar hefur þannig almenna reglan á íslenskum vinnu-markaði verið sú að um slysatryggingar launþega er samið í kjarasamninum.<sup>27</sup>

Örorkubætur úr slysatryggingu launþega eru greiddar á grundvelli metins miskastigs eins og það er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en ekki á grundvelli varanlegrar fjárhagslegrar örorku. Sama leið hefur verið valin í frjálsum slysatryggingum.<sup>28</sup> Eftir-

<sup>25</sup> Í lögum nr. 129/1997 og samþykktum lifeyrissjóða er vísað til hugtaksins okutaps í tengslum við lifeyrissrétt vegna örorku. Það er því ástæða til að minna aftur á umfjöllun um hugtakið varanleg örorka í domi haestærtar 2001.4025 í mál nr. 215/2001, en þar komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að með lögfestingu skaðabótalaga hafi hugtakið varanleg örorka öðlast lögakveðna merkingu. Sú staðreynld getur vissulega skipt málí við túlkun á hugtakinu orkutap. Í 1. til 3. mgr. 5. gr. skaðabótalaga er að finna eftirfandi leiðbeiningarreglur fyrir það mat:

Valdi líkamstjón, þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt að bótum fyrir varanlega örorku.

Pegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér teknar með vinnu sem sanngjarnar er að ætlast til að hann starfi við.

Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum).

<sup>26</sup> Svokölluð örorkunefnd Landsamtaka lifeyrissjóða kannaði m.a. hverjar væru helstu orsakir orkutaps sjóðsfélaga lifeyrissjóðanna. Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Stóckerfisraskanir, 20% til 36% af heild

Geðraskanir, 11% til 27% af heild

Hjarta-, æða-, og lungnasjúkdómar, 10% til 18% af heild

Slys, 6% til 19% af heild

Sjá skýrslu örorkunefndar Landsamtaka lifeyrissjóða, febrúar 2004, [http://www.ll.is/files/bahfajjbc/SKYRSLA\\_ORORKUNEFNDAR.pdf](http://www.ll.is/files/bahfajjbc/SKYRSLA_ORORKUNEFNDAR.pdf). (Síðast sótt 6. september 2006).

<sup>27</sup> Sjá þó slysatryggingar sjómanna sem byggja að hluta til á lagakveðum. Hér skal nefnd 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þar sem keðið er að um skyldu útgerðarmanns til að slysatrygga starfsmenn sína. Sjá nánar Guðmundur Sigurðsson (2004) og (2005).

<sup>28</sup> Fyrir nokkrum árum var algengt að miða bætur úr slysatryggingu launþega og frjálsri slysatryggingu við læknisfræðilega örorku en ekki miskastig.

farandi dómar skulu nefndir í þessu sambandi.

Hrd. 2004.2134 í máli nr. 4/2004. S reisti kröfur sínar um bætur úr slysatryggingu samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Sjúkraliðafélags Íslands á því, að við útreikning bóta úr slysatryggingunni bæri að leggja til grundvallar mat dómkvaddra matsmanna á 100% varanlegri örorku eftir 5. gr. skaðabótalaga, en ekki 40% varanlegum miska, svo sem gert hafið verið. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Í forsendum héraðsðóms var komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væru efni til annars en að leggja til grundvallar að með orðalaginu varanleg örorka í framangreindum kjarasamningi og reglum nr. 30/1990, sem voru hluti hans, hafi verið vísað til læknisfræðilegrar örorku í þeim skilningi sem lagður var til grundvallar greiðslu bóta vegna örorkutjóna samkvæmt eldra rétti og því um annars konar bótaviðmið að ræða en það sem nefnt er varanleg örorka í skaðabótalögum. Á þetta ber að fallast...“ Í forsendum héraðsðóms sagði eftirfarandi um þetta ágreiningsefni: „Sá kjarasamningur sem lagður er fram í málínu gilti frá 1. október til 28. febrúar 1993. Í 7. kafla hans voru ákvæði um slysatryggingar. Í grein 7.1.1. segir að starfsmenn skyldu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um skilmála tryggingar vegna slysa starfsmanna í starfi, sem óumdeilt er að hér eigi við, gilda reglur, settar af fjármálaráðherra, nr. 31/1990, um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna samkvæmt kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi.. Óumdeilt er að framangreind kjarasamningsákvæði voru enn í gildi þegar stefnandi varð fyrir slysinu 27. nóvember 1995 og sömu ákvæði um slysatryggingar er að finna í framloðum kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð ofl. aðila, sem undirritaður var 30. ágúst 1997 og gilti frá 1. ágúst 1997 til 31. október 2000. Í framangreindum reglum, nr. 30/1990, kom fram að þeir væru slysatryggðir samkvæmt reglunum sem felli undir kjarasamninga, sem hefðu að geyma ákvæði um slysatryggingu í samræmi

við reglurnar. Í 10. gr. reglnanna segir að bætur vegna varanlegrar örorku greiðist í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina eftir tilteknun reglum og vísað til visitolubindingar. Þá er mælt fyrir um að við ákvörðun örorku skuli fylga nánar tilgreindum reglum. Til hlíðsjónar við örorkumat skuli hafa töflu yfir örorku vegna tiltekinna likamstjóna sem er að finna í lið 3.1 í 10. gr. Fyrir liggur að þegar framangreindar reglur nr. 30/1990 voru settar, og framangreind tilvísun til reglnanna tekin upp í kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands, höfðu skaðabótalög nr. 50/1993 ekki tekið gildi. Fram til gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993 höfðu bætur fyrir skerðingu á ætluðum framtíðartekjum vegna örorku hins vegar verið grundvallaðar á örorkumötum sem tóku mið af læknisfræðilegri örorku... Enda þótt stefnandi hafi orðið fyrir umræddu slysi eftir gildistöku laga nr. 50/1993 gilti um umrædda slysatryggingu ákvæði sem komið höfðu inn í kjarasamning fyrir gildistöku laganna og höfðu að geyma tilvísanir til reglna sem settar voru á árinu 1990. Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til annars en að leggja til grundvallar að með orðalaginu varanleg örorka í framangreindum reglum og kjarasamningi hafi verið vísað til læknisfræðilegrar örorku í þeim skilningi sem lagður var til grundvallar greiðslu bóta vegna örorkutjóna samkvæmt eldra rétti og því um annars konar bótaviðmið að ræða en það sem nefnt er varanleg örorka í lögum nr. 50/1993. “Þá var í dómi hæstaréttar fallist á þau rök S að varanleg örorka hennar yrði ekki réttilega metin með mati á varanlegum miska eftir 4. gr. skaðabótalaga.

Í málínu kemst hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að það komi fram með nægjanlega skýrum hætti í viðkomandi kjarasamningi og reglum þeim sem þar var vísað til að með hugtakinu varanleg örorka hafi verið átt við varanlega læknisfræðilega örorku en ekki fjárhagslega örorku.

Hrd. 2003.3920 í máli nr. 193/2003. B krafði tryggingafelagid V um bætur á grundvelli tilgreindra slysatryggingaskilmála, sem hún

taldi kveða á um bótarétt hennar fyrir varanlega örorku vegna slyss, sem hún hafði orðið fyrir. Læknisfræðileg örorka B hafði verið metin 20% en fjárhagsleg örorka 50%. Hélt B því fram að hugtakið varanleg örorka skyldi túlkad í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993, þ.e. að átt væri við varanlega fjárhagslega örorku en ekki læknisfræðilega. Visaði B í dóm hæstaréttar 2001.4025 máli sínu til stuðnings. Hæstiréttur taldi mál þessi ekki sambærileg. Benti rétturinn á að í Hrd. 2001.4025 hafi deilan snúist um túlkun á ákvæðum í kjarasamningi, sem beinlínis kváðu á um skaðabætur vegna varanlegrar örorku en í máli B lúti ágreiningsfnið að túlkun á tilteknum skilmálum vátryggingasamninga. Þar sem tryggingarskilmálarnir byggðust á samningi B við Vyrði að ákvæðabætur samkvæmt tryggingunum í samræmi við þá en ekki samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga. Benti rétturinn á að af ákvæðum skilmálanna yrði ekki dregin önnur ályktun en sú að við mat á varanlegri örorku samkvæmt þeim skyldi leggja til grundvallar læknisfræðilega örorku. Með því að V hafði greitt B bætur í samræmi við niðurstöðu mats um læknisfræðilega örorku var félagið sýknað af kröfu B um frekari bætur.

Hæstiréttur gengur hér einfaldlega út frá því að aðilar máls hafi samið um það að við mat á varanlegri örorku skuli leggja til grundvallar læknisfræðilega örorku.

Eins og komið hefur fram er í kjarasamningum að finna ákvæði um slysatryggingarétt launþega. Enn þann dag í dag er í kjarasamningum að finna eftirfarandi ákvæði:

#### 8.7.4. Bætur vegna varanlegrar örorku:

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við Vátryggingafjárhæðina... þó þannig að hvert örorkustig 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar fjórfalt.

#### 8.7.8. Skilmálar...

<sup>29</sup> Ákvæði þessi eru úr kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags, Verkalyðsfélagsins Hlífar og Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis. Gildistími samningsins er frá 1. mars 2004 til 31. desember 2007.

8.7.9. Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert.<sup>30</sup>

Í kjarasamningi þessum segir að bætur fyrir varanlega örorku skuli reikna á grundvelli örorkustigs. Ekki er á það minnst í kjarasamningnum að hið varanlega líkamstjón skuli metið til örorku samkvæmt miskatöflum eins og segir í tryggingaskilmálum þeim sem gilda um slysatryggingar launþega hjá íslenskum vátryggingafélögum. Því er ástæða til að spyrja hvort dómstólar kynnu að túlka ákvæði kjarasamnings með þeim hætti að með hugtakinu varanleg örorka væri átt við varanlega örorku eins og hún er skilgreind í 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en sú varð niðurstaðan í dómi hæstaréttar 2001.4025.<sup>31</sup> Eins og í því máli er í framangreindu kjarasamningsákvæði notað hugtakið varanleg örorka án frekari skýringa. Hinsvegar er sá munur á að í kjarasamningi þeim sem að framan er rakinn er vísað til almennra skilmála, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT), þann 1. mars 2004.<sup>31</sup> Sá er hinsvegar hængur á að þann 1. mars 2004 voru engir slíkir skilmálar til hjá SÍT. Einu skilmálarnir sem til voru um slysatryggingu launþega voru skilmálar einstakra vátryggingafélaga, skilmálar sem ekki eru algerlega samhljóða. Þegar af þessari ástæðu kann að vera vafasamt að kjarasamningurinn yrði túlkaður með þeim hætti sem nágildandi vátryggingaskilmálar virðast gera ráð fyrir.

Þó svo að í skilmálum fyrir slysatryggingu launþega hjá íslensku vátryggingafélögum séu örorkubætur reiknadar á grundvelli miskastigs er því ekki þar með sagt að ef á reyndi myndi hæstiréttur

<sup>30</sup> Sjá umfjöllun um dóminn í kafla 4.

<sup>31</sup> Í þeim kjarasamningi sem hæstaréttarmálið varðaði var ekki að finna tilvísun í slysatryggingarskilmála.

leggja blessun sína yfir að með tilvísun í skilmála SÍT í kjarasamningum sé í raun átt við skilmála sem gilda hjá íslensku vártryggingafélögunum. Öðru máli kynni að gegna efí kjarasamningnum hefði verið vísað til almennra skilmála vártryggingafélaga um slysatryggingar launþega.

Með vísan til þess að þeir skilmálar sem vísað er til í kjarasamningum frá 2004 eru ekki til verður að telja líkur á að ef reyndi á túlkun hugtaksins varanleg örorka í framangreindum kjarasamningi yrði niðurstaðan sú sama og í Hrd. 2001.4025, þ.e. að miða ætti við varanlega fjárhagslega örorku eins og það hugtak er skilgreint í 5. gr. skaðabótalauga. Það verður því að telja ólíklegt að dólmstóll myndi fallast á að miða við miskastig eins og gert er ráð fyrir í slysatryggingarskilmálunum vártryggingafélaga. Ef ætlunin var að hafa þann hátt á hefði verið viðurhlutalitið að nota miskahugtakið í kjarasamningum.<sup>32</sup>

## 7. NIÐURSTAÐA

Eins og tekið var fram fyrr í greininni kann sá sem fyrir vinnuslysi verður að eiga bótarétt úr ýmsum áttum, t.d. skv. ATL, frá lífeyrissjóði, úr vártryggingum og á grundvelli skaðabótárétta. Þegar hinsvegar kemur að því að meta afleiðingar slyssins kann það mat að horfa misjafnlega við eftir því hvar í bótaréttinum við erum stödd hverju sinni. Vegna eins og sama slyssins kann því að þurfa að meta miska, læknisfræðilega örorku, fjárhagslega örorku og orkutap. Bótaréttur tjónþola kallar því stundum á að hann sé margmetinn.

Hvað varðar miskamat og mat á varanlegri örorkoku skv. skaðabótalögum og miskamat skv. slysatryggingu launþega og frjálsri slysatryggingu er í sjálfu sér ljóst hvað þessi

hugtök merkja. Hinsvegar var á það bent í greininni að það kann að vera breytilegt frá einum kjarasamningi til annars hvaða merkingu ber að leggja í hugtakið varanleg örorka. Þetta getur aftur leitt til þess að vafi er á hvort ákvæði í skilmálum vártryggingafélaga þess efnis að bætur skuli reikna á grundvelli miskastigs, sé í samræmi við kjarasamninga. Þá kemur fram í greininni að veruleg óvissa er tengd því hvernig túlka á hugtökin varanleg örorka og orkutap í 29. gr. ATL og hugtakið orkutap í tengslum við bótarétt hjá lífeyrissjóðum.

Rétt er að hafa í huga að í skaðabótamálum geta greiðslur frá þriðja aðila eftir atvikum dregist frá skaðabótakröfu á hendur hinum bótaskylda. Þannig segir t.d. í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalauga að draga skuli frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulifeyris frá lífeyrissjóði. Í þessari grein hefur komið fram að ekki er sjálfgefið að eitthvert nánar tilgreint örorkustig skv. 5. gr. skaðabótalaaga samsvari nákvæmlega sama orkutapsstigi í skilningi bótaréttar frá lífeyrissjóði, auk þess sem mat á orkutapi hjá lífeyrissjóði felur ekki í sér mat í eitt skipti fyrir öll þ.e. til loka starfsaldurs eins og gildir um mat samkvæmt skaðabótalögum. Það kann því að vera þrautinni þyngra að ákvæða hvenær draga á hugsanlegan bótarétt frá lífeyrissjóði frá skaðabótum. Þessi aðferðafræði skaðabótalaaga kallar því á frekari samræmingu mats á varanlegum afleiðingum slysa innan bótaréttarins. Þangað til slík samræming hefur farið fram er ljóst að veruleg óvissa verður tengd málsmeðferð og uppgjörum þeirra skaðabótamála þar sem reynir á hugsanlegan bótarétt hjá lífeyrissjóðum. Um þetta verður nánar fjallar í seinni grein minni um bótaréttinn og tengsl bótagreiðslna frá einstökum stoðum hans.

**32** Í þessari grein verður ekkert fullyrt um hvernig túlka ber slysatryggingarákvæði annarra kjarasamninga en þess

sem hér er tekinn sem dæmi. Til þess þarf að skoða hvern kjarasamning fyrir sig.

## HEIMILDASKRÁ:

*Fræðirit og greinar:*

Arnljótur Björnsson (1988) Arnljótur Björnsson, *Bætur fyrir umferðarslys*, Hið íslenska bókmennatafélag, Reykjavík 1988.

Bo von Eyben og Isager (2003) Bo von Eyben og Helle Isager, *Lærebog í erstatningsret*, 5. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2003, ISBN 87-574-0846-7.

Friis og Behn, ved Mikael Kielberg (2004) Asger Friis, Ole Behn, Mikael Kielberg *Arbejdsskadesikringsloven*, 4. kommenterede udgave, Gad Jura, København 2004, ISBN 87-619-0813-4.

Guðmundur Sigurðsson (2004) Guðmundur Sigurðsson, *Vinnuslys, slysatrygging sjómannna*, Tímarit Lögréttu, 1. tbl. 2004, bls. 11-35.

Guðmundur Sigurðsson (2005) Guðmundur Sigurðsson, *Vinnuslys, slysatrygging sjómannna*. *Hver á rétt á bótum? Ákvörðun bóta*, Tímarit Lögréttu, 2. hefti., 2. árg., 2005, bls. 169-196.

Møller og Wiisbye (2002) Jens Møller og Michael S. Wiisbye, *Erstatningsansvarsloven*, 6. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2002, ISBN 87-574-3791-2.

Páll Sigurðsson (1972) Páll Sigurðsson, *Um örorkumöt*, Tímarit Lögfræðinga, 1972, 2. hefti, bls. 37-50.

S.Thorlacius, S. Stefánsson og H. Jóhannsson (2001) S.Thorlacius, S. Stefánsson og H. Jóhannsson, *Örorkumat fyrir og eftir gildistöku örorkumatsstaðals, Læknablaðið* 9. tbl. 87. árg. 2001.

Viðar Már Matthíasson (2003) Viðar Már Matthíasson, *Álitsgerð fyrir Landssamtök lifeyrissjóða um hugsanlega skerðingu lifeyrissjóða á örorkulifeyri vegna greiðslu skaðabóta fyrir örorku af völdum slysa*, 2003, Álitsgerðina má nálgast á heimasíðu Landssamtaka lifeyrissjóða: [www.ll.is](http://www.ll.is).

Viðar Már Matthíasson (2005) Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2005, ISBN 9979-825-36-7.

*Dómar m.m.:*

Hrd. 2001.4025 í máli nr. 215/2001.

Hrd. 2003.3920 í máli nr. 193/2003.

Hrd. 2004.2134 í máli nr. 4/2004.

Álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2518/1998.

Úrskurður Úrskurðarnefndar almannatrygginga nr. 207/2002.